



Alpýðusamband Íslands

Hlutverk starfsnefnda miðstjórnar ASÍ, samsetning og starfsreglur

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 18. desember 2024

Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ eru þær vinnunefndir miðstjórnar sem starfa skv. 3.mgr. 33.gr. laga ASÍ. Þær eru skipaðar af viðtakandi miðstjórn í kjölfar sambandsþinga sem jafnframt ákveður samsetningu þeirra og hlutverk.

Hlutverk og skilgreining starfsnefnda

Starfsnefndir ASÍ eru annars vegar málefnanefndir og hins vegar fastanefndir.

Miðstjórn ASÍ ákveður hvaða málefnanefndir starfa á vettvangi ASÍ, skilgreinir verksvið þeirra og setur þeim starfsreglur. Málefnanefndir eru ýmist skipaðar út kjörtímabil miðstjórnar eða tímabundið.

Fastanefndir eru nefndir skv. lögum og reglum ASÍ og fjalla aðallega um innri málefni sambandsins og eru skipaðar til loka hvers kjörtímabils miðstjórnar.

Starfsnefndirnar undirbúa stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi miðstjórnar ASÍ og þinga sambandsins og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar og þinga. Þær eru mikilvægur og formlegur vettvangur samráðs milli landssambandanna og félaga með beina aðild um stefnumótun á vettvangi ASÍ. Þær skulu gera tillögu til miðstjórnar um helstu áherslur og verkefni í þeim málaflokki/málaflokkum sem heyra undir viðkomandi nefnd. Þau málefni sem miðstjórn ASÍ ákveður að leggja fyrir þing sambandsins skulu að jafnaði undirbúin af viðkomandi nefndum í samráði við miðstjórn.

Starfsnefndir miðstjórnar gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart miðstjórn og hafa því ekki umboð til að álykta sjálfstætt um einstaka málefni.

Skipun í starfsnefndir

Miðstjórn skipar einn fulltrúa úr sínum röðum í hverja nefnd og skipar hverri nefnd starfsmann. Landssamböndin innan ASÍ skipa hvert um sig einn fulltrúa og annan til vara í hverja nefnd, félög með beina aðild einn fulltrúa sameiginlega og ASÍ-UNG skipar einn fulltrúa og annan til vara. Þessar reglur eiga ekki við um laganeftir, starfs- og fjárhagsnefnd og launaneftir sem eru fámennari nefndir og skipaðar án tilnefningar beint af miðstjórn.

Starfsnefndir eru að jafnaði skipaðar til tveggja ára eða milli sambandsþinga. Tímabundnar málefnanefndir

eru þó undantekning frá þessu. Að afloknu sambandsþingi skal skrifstofa ASÍ senda erindi til landssambanda, félaga með beina aðild sameiginlega og ASÍ-UNG, þar sem óskað er eftir skipun fulltrúa í þær nefndir sem þau hafa heimild til þess að skipa fulltrúa í með ósk um að tilnefningar berist í síðasta lagi viku fyrir síðasta miðstjórnarfund á árinu. Miðstjórn skal ganga frá skipun sinna fulltrúa og starfsmanna eigi síðar en á síðasta miðstjórnarfund á árinu. Þeim aðilum sem skipa í nefndirnar er heimilt að skipta um þá fulltrúa sem þau hafa skipað hvenær sem er á starfstímabili þeirra og skal þá tilkynna breytinguna til skrifstofu ASÍ. Breytingin tekur gildi þegar tilkynning hefur borist.

Hlutverk og umboð nefndarmanna

Fulltrúi miðstjórnar er formaður nefndar og tengiliður á milli miðstjórnar og viðkomandi nefndar og skal hann tryggja að sjónarmið og áherslur miðstjórnar komi fram í starfi nefndarinnar eftir því sem við á. Þá er hlutverk hans að tryggja að upplýsingar um starf nefndarinnar og tillögur séu kynntar í miðstjórn ASÍ.

Fulltrúar í nefndum eru tengiliðir á milli viðkomandi nefndar og þess aðila sem þeir eru fulltrúar fyrir og starfa í umboði þeirra. Það er á ábyrgð þessara fulltrúa að tryggja að þau sjónarmið og áherslur sem uppi eru í viðeigandi samtökum komi fram í starfi nefndarinnar. Þá er hlutverk þeirra að tryggja að upplýsingar um starf viðkomandi nefndar og tillögur séu kynntar gagnvart þeim aðilum sem þeir fara með umboð fyrir. Þessi þáttur í starfi nefndanna er afar mikilvægur til að tryggja sem víðtækast samráð og upplýsingar um stefnumörkun og ákvarðanir á vettvangi ASÍ.

Starfsreglur fyrir starfsnefndir ASÍ

1. Formaður starfsnefndar er sá fulltrúi sem miðstjórn skipar í viðkomandi nefnd. Starfsnefndir kjósa varaformann úr sínum hópi á fyrsta fundi á nýju starfstímabili. Formaður ákveður fundi nefndarinnar í samráði við skipaðan starfsmann og stýrir þeim. Forfallist formaður um lengri tíma, hætti störfum í nefndinni eða víki úr miðstjórn skal miðstjórn skipan nýjan formann í hans stað.

Starfsmaður skal boða fyrsta fund nefndar á nýju ári í samráði við fulltrúa miðstjórnar í nefndinni. Á fundinum skal í upphafi fara yfir hlutverk starfsnefnda ASÍ og starfsreglur.

2. Starfsmenn málefnanefnda og skipulags- og starfsháttanefndar hafa full réttindi í viðkomandi nefndunum og aðstoða nefndirnar í störfum þeirra, m.a. við undirbúning funda, ritun fundargerða og við að framfylgja ákvörðunum nefndanna í samráði við formann.

3. Nefndarfundir skal boða með tölvupósti með minnst einnar viku fyrirvara ef kostur er. Fundina skal boða með dagskrá.

4. Formenn nefnda ákveða hverju sinni hvort fundir verði haldnir í gegnum fjarfundarbúnað, alveg eða að hluta. Fulltrúar í nefndum geta jafnframt óskað eftir því að taka þátt í nefndafundum í gegnum fjarfundarbúnað.

5. Nefndir halda fundargerðir. Í fundargerð skal koma fram: Hvar fundurinn var haldinn; hvaða dag; upphaf fundar og fundarlok; hverjir sóttu fundinn; hvaða mál voru til umfjöllunar, hvaða gögn voru lögð fram á fundinum og; hverjar voru niðurstöður fundarins/hvaða ákvarðanir voru teknar. Starfsmenn nefndanna gera drög að fundargerðum sem send skulu formanni nefndar til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu sendir starfsmaður drögin öðrum nefndarmönnum sem fundinn sóttu og óskar athugasemda þeirra ef einhverjar eru. Ef engar berast skal öllum aðal- og varamönnum sent afrit fundargerðar og hún birt á vefsvæði nefndarinnar. Afrit staðfesta fundargerða skulu lögð fram til kynningar í miðstjórn. Nefndir geta einnig sent miðstjórn minnisblöð til upplýsingar eða ákvörðunar um einstakar tillögur nefndarinnar ef við á.

6. Nefndir ASÍ, aðrar en starfs- og fjárhagsnefnd og launanefnd hafa hver sitt vefsvæði í gegnum fundargátt Work Point (nú (18/11/22 - á innri vef ASÍ). Þegar fundur hefur verið ákveðinn skal setja dagskrá fundarins á vefsvæðið ásamt þeim gögnum sem leggja á fyrir fundinn. Gögn sem taka á afstöðu til skulu sett á vefsvæðið, það tímanlega að nefndarmenn geti kynnt sér þau fyrir fundinn. Samhliða skal starfsmaður sjá til þess að öll gögn nefndar séu vistuð í skjalakerfi ASÍ.

7. Fundargerðir ásamt öllum gögnum vegna viðkomandi funda og vegna starfa nefndanna skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þeirra. Undirritun fundargerða fer fram rafrænt í gegnum Dokobit.

8. Starfsnefndir vinna störf sín í umboði miðstjórnar og gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum eftir því sem nefndirnar telja nauðsynlegt og/eða miðstjórn óskar eftir.

9. ASÍ leggur nefndum til nauðsynlega aðstöðu og búnað vegna starfa þeirra. Telji nefnd nauðsynlegt að leggja í kostnað umfram hefðbundinn fundakostnað skal ósk um slíkt koma fram við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar ef kostur er. Að öðrum kosti skal ákvörðun um slíkt tekin í samráði við framkvæmdastjóra ASÍ.

10. Alþýðusambandið greiðir eðlilegan ferða- og uppihaldskostnað vegna nefndarmanna sem koma utan af landi vegna nefndarstarfa. Þá greiðir Alþýðusambandið nefndarmönnum vegna launataps sem þeir kunna að verða fyrir vegna nefndarstarfa.

Við greiðslu ferðakostnaðar og þóknunar skal miðað við [reglugerð um greiðslu kostnaðar og þóknunar fulltrúa miðstjórnar og starfsnefnda ASÍ](#).

.

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 44. og 18. desember 2024. Samhliða falla úr gildi eldri reglur.